

AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

Afmörkun landnotkunar í samræmi við lóðamörk

Afmörkun landnotkunar leiðrétt til samræmis við lóðamörk og núverandi notkun lóða

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi (drög)

Lögð fram sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagsvið

Breyting nr. 25
Mars 2018

Samþykktar og staðfestingarferli

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í borgarráði þann _____ 20__.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____ 20__.

1. Forsendur og markmið

Gera þarf lítilsháttar breytingar á þéttbýlisupprætti Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, þar sem komið hefur upp misræmi í afmörkun landnotkunar þar sem þegar liggja fyrir eldri ákvarðanir um lóðamörk og notkun lóðar eða viðkomandi svæði hafa verið afmörkuð nánar í deiliskipulagi. Þetta á m.a. við um afmörkun lóða fyrir samfélagsstofnanir en getur átt við fleiri landnotkunarsvæði. Þetta hefur gefið tilefni til að yfirfara betur afmörkun landnotkunar á þéttbýlisupprætti og tryggja samræmi við fyrirliggjandi lóðamörk.

Í drögum þessum er gerð grein fyrir þremur breytingum eða leiðréttingum í þessa veru. Bætt verður við fleiri lagfæringum ef ábendingar koma um fleiri svæði. Farið verður yfir afmörkun samfélagsstofnana og fleiri landnotkunarsvæða eins og kostur er. Breytingar sem þessar fela ekki í sér breytingar á stefnumörkun og eru fyrst og fremst gerðar til að landnotkunarupprátturinn endurspegli rétta lóðaskipan og grunnskilgreiningu lóða, enda sýnt að ekki liggi fyrir stefna um annað. Það er því ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um umhverfisáhrif viðkomandi lagfæringa og breytinga.


2. Breytingar á þéttbýlisupprætti (1:20.000)

Eftirfarandi breytingar á afmörkun eru lagðar til á þéttbýlisupprætti aðalskipulagsins. Breytingarnar eða lagfæringarnar eru lítilsháttar og hafa ekki áhrif á landbókhald aðalskipulagsins. Sjá næstu opnu.


Samfélagsstofnanir við Vesturhlíð

Fyrir mistök er leikskólinn Sólborg ekki innan áður skilgreinds svæðis fyrir samfélagsstofnanir. Svæði samfélagsstofnana stækkar en kirkjugarður (K2) minnkar samsvarandi. Afmörkun kirkjugarðs K2 til norðurs eru einnig lagfærð.

Fyrir breytingu:



Eftir breytingu:



Samfélagsstofnanir við Völvufell

Fyrir mistök var lóð fyrir samfélagsstofnun við Völvufell 7a skilgreind á opnu svæði (OP) en hafði í eldra aðalskipulagi verið hluta af stofnanasvæði við Völvufell.

Fyrir breytingu:




Eftir breytingu:




Mörk íbúðarbyggðar og hafnarsvæðis í Vogabyggð I

Við gerð deiliskipulags fyrir Vogabyggð I, voru mörk íbúðarbyggðar og hafnarsvæðis afmörkuð nánar en sýnt var á þéttbýlisupprætti. Breytingin felur í sér að mörk íbúðarbyggðar færest lítilsháttar til norðurs í samræmi við afmörkun lóðar samkvæmt deiliskipulagi Vogabyggðar I.

Fyrir breytingu:



Eftir breytingu:



4. Afgreiðslu- og kynningarferli

Verklýsing vegna þessarar aðalskipulagsbreytingar var samþykkt þann 15. febrúar 2018 sl. Verklýsingin var send á hverfisráð Breiðholts, aðliggjandi sveitarfélög, svæðisskipulagsnefnd og Skipulagsstofnun.

Engar efnislegar athugasemdir hafa komið fram við verklýsinguna. Drög að aðalskipulagsbreytingu verða send á Hverfisráð Laugardals og Hverfisráð Hlíða, auk ofangreindra aðila.

